# KÅBE-MATTAN AB

## – *okkar velgengni byggist á reynslu*







Kåbe mattan

# Kåbe-Mattan AB

## *– okkar velgengni byggist á reynslu*

Árið 1944 hófst barátta okkar við óhreinindin sem gangast inn af götunum. Húsvörður nokkur, sem starfaði hjá Stockholms Enskilda Bank í Stokkhólmi, var orðinn leiður á að vera eilíft að sópa út úr bankanum óhreinindum af götum borgarinnar.

Húsverðinum, sem var klár karl, datt snjallræði í hug. Hann safnaði saman nokkrum trélistum og nokkrum ræmum af gúmmíi og festi þetta saman með nöglum. Þannig varð fyrsta Kabe mottan til! Fyrsta skrefið í baráttunni hafði verið stigið og sú barátta stendur enn.


K.W. Gullers, Nordiska museets bildbyrå



## Hún gafst vel

Þannig var grunnur lagður að því sem síðar kom á daginn að Kabe Mottan eru einhverjar bestu dyramotturnar sem til eru, Kabe Original, mottur sem sjá við óhreinindunum af götunum og ná þeim undan skónum þegar gengið er yfir þær.

Þetta er frábært þegar haft er í huga að vanalega þurrkar maður hvergi af sér nema heima – annars neyðist maður jú til að þrífa eftir sig!

Frá því að fyrsta mottan af gerðinni Kabe varð til höfum við þróast í það að verða sérfræðingar í góðum lausnum fyrir anddyri. Nú bjóðum við upp á fullkomna línu í dyramottum og fylgihlutum. Það sem við vitum ekki um dyramottur er ekki þess virði að vita! Þekktasta og öflugasta mottan er Kabe Original.




## Farðu rétt að frá byrjun

Mikið af þeim óhreinindum sem við berum með okkur inn á gólf í húsum má auðveldlega koma í veg fyrir. Mundu að gera ráð fyrir mottusvæði þegar þú skipuleggur nýja gólfið. Hins vegar er aldrei of seint að gera bragarbót ef það skyldi gleymast. Við getum hjálpað þér.



## Hönnun

Fáir hafa fyrir því að þurrka af sér þegar komið er inn fyrir dyr fyrirtækja og stofnana. Óhreinindin verða því að gangast undan skónum. Til að mottan komi að sem mestu gagni er mikilvægt að hafa lengd og breidd svæðisins rétta og tryggja að fólk fari þar yfir er það kemur inn í húsið. Helst þurfa að nást þrjú skref með hvorum fæti á mottunni.

## Að minnsta kosti tvö skref

Ímyndaðu þér að minnsta kosti tvö skref til að ná fullum árangri:

Fyrra skrefið ætti þá að vera gúmmímotta – Kabe Original – fyrir sand, möl, stærri korn og síðan slabb á veturna.

Seinna skrefið ætti að vera textílmotta sem tekur við smærri óhreinindum og drekkur í sig raka. Önnur góð lausn er gróf stálgrind felld ofan í gólfið, einkum á vetrum þegar fólk spáir venjulega meira í hvað það ber með sér mikil óhreinindi og við getum vænst þess að það stappi af sér slabbinu á slíkri grind.

Ýmislegt annað má gera til að koma í veg fyrir að óhreinindin berist inn um öll gólf, svo sem tryggja að utan við innganginn sé hreinn, heitur og harður flötur.





*Skavsta-flugstöðin í Nyköping, Svíþjóð. Kabe Original motta (styrkt) ásamt Kabe kókosmottu.*



*Inngangur í íbúðarhús í Stokkhólmi. Kabe Original motta, gullhúðuð, með gullhúðuðum fláaramma af gerð 2.*



*Nútímalistasafnið í Stokkhólfi. Kabe Original ásamt Kabe kókosmottu.*



*Tallink ferjumiðstöðin í Stokkhólmi. Kabe Original (styrkt) ásamt Coral Brush.*




*Hotel Rival í Stokkhólmi. Kabe Original motta, svarthúðuð.*



*IKEA í Ålmhult, Svíþjóð. Kabe Mottan Orginal.*



*NK í Stokkhólmi, Svíþjóð. Kabe Mottan Orginal styrkt fyrir innkaupakerrur með Kabe Outlet Grind.*



# Kabe Original

Í senn venjuleg motta og skafgrind til notkunar innan- og utanhúss.

Bylgjaðir gúmmírenningarnir bogna lítið eitt undan þunga þess sem á stígur en skjótast upp um leið og þunganum léttir. Við það skapast nægur kraftur til þess að ryk, skítur og væta losni undan skósólanum. Þannig verður sólinn hreinn án þess að maður þurrki af sér á hefðbundinn hátt. Óhreinindin sitja eftir í holrúmum ofan í mottunni.







## *Efni og samsetning*

| | |
|---|---|
| *Flatir listar:* | Álblendi EN AW-6005-A-T6; breidd: 12 mm; þykkt: 4,5 mm. |
| *Gúmmírenningar:* | Sérstök efnablanda sem þolir miklar hitabreytingar; EPDM 70° Shore; breidd: 22 mm; þykkt 3,7 mm. |
| *Endaprófílar:* | U 18 x 18 x 18 x 2 mm. |
| *Þykkt mottu:* | Stöðluð 22 mm; 18 mm til að fella ofan í gólf þar sem dýptin er 15–19 mm. |
| *Stærðir:* | Hámarksstærð í einni mottu er 2000 x 5000 mm (A x B). Sé svæðið stærra er skeytt saman mottum í hæfilegri stærð. Sérsniðnar mottur fást eftir skilgreindum óskum kaupanda. |
| *Tengi:* | Gúmmírenningar og állistar eru festir saman með þar til gerðum hnoðnöglum og öll mottan er fest saman með slíkum nöglum ásam 2,3 mm ryðfríum stálvír. |
| *Þyngd:* | U.þ.b. 12 kg/m$^2$ |
| *Til styrkingar:* | Gúmmífóðringar |
| *Yfirborðsmeðferð:* | Ál í venjulegum lit húðað með svörtu eða gylltu. |



*Globe inngangur í Stokkhólmi, Svíðþjóð, Kabe Mottan Orginal og Kabe Mottan Orginal Grafit.*

# Kabe Original Grafit

Þessa mottu, sem er með gráu gúmmíi, má nota eina sér eða ásamt svörtu gerðinni til að brjóta upp flötinn. Meginhlutverkið er eftir sem áður að koma í veg fyrir að bleyta og óhreinindi berist inn. Munurinn liggur í möguleikanum til að velja annan lit á gúmmíinu og búa þannig til einfalt reitamunstur í anddyrinu eftir því sem stærð þess leyfir.





## *Efni og samsetning*

| | |
|---|---|
| *Flatir listar:* | Álblendi EN AW-6005-A-T6; breidd: 12 mm; þykkt: 4,5 mm. |
| *Gúmmírenningar:* | Sérstök efnablanda sem þolir miklar hitabreytingar; EPDM 70° Shore; breidd: 22 mm; þykkt 3,7 mm. |
| *Endaprófílar:* | U 18 x 18 x 18 x 2 mm. |
| *Þykkt mottu:* | Stöðluð 22 mm. |
| *Stærðir:* | Búnar til eftir máli; hámarksstærð í einni mottu er 2000 x 5000 mm (A x B). Sé svæðið stærra er skeytt saman mottum í hæfilegri stærð. Sérsniðnar mottur fást eftir skilgreindum óskum kaupanda. |
| *Tengi:* | Gúmmírenningar og állistar eru festir saman með þar til gerðum hnoðnöglum og öll mottan er fest saman með slíkum nöglum ásamt 2,3 mm ryðfríum stálvír. |
| *Þyngd:* | U.þ.b. 12 kg/m$^2$. |
| *Yfirborðsmeðferð:* | Ál í venjulegum lit húðað með svörtu eða gylltu. |



*NK í Stokkhólmi, Svíþjóð. Kabe Mottan Orginal Grafit, með svörtu gúmmí.*







# Kabe Eco

## *Einstök og sígild!*

Þetta er nútímaútgáfa af Kabe Original mottunni, búin til úr trélistum og gúmmílengjum eins og gert var í árdaga, á fimmta áratug 20. aldar. Dyramotta fyrir einkaanddyri þar sem áhersla er lögð á útlit og notagildi. Rúlla má mottunni upp og snúa henni á hvorn veginn sem er. Kabe Eco hentar vel til notkunar innanhúss.





## *Efni og samsetning*

| | |
|---|---|
| *Trélistar:* | Fura, breidd: 17 mm; þykkt 12 mm. |
| *Gúmmírenningar:* | Sérstök efnablanda sem þolir miklar hitabreytingar; EPDM 70° Shore; breidd: 22 mm; þykkt 3,7 mm. |
| *Endaprófílar:* | Eik, 20 x 22 mm, látúnsprófílar ef óskað er. Þykkt mottu: Stöðluð 22 mm. |
| *Stærðir:* | Búnar til eftir máli; hámarksstærð í einni mottu er 1500 x 2000 mm (A x B). Sé svæðið stærra er skeytt saman mottum í hæfilegri stærð. |
| *Tengi:* | Gúmmírenningar og trélistar eru heftaðir saman. Öll mottan er fest saman með 2,3 mm ryðfríum stálvír. |
| *Þyngd:* | U.þ.b. 19 kg/m$^2$. |
| *Yfirborðsmeðferð:* | Trélistar eru meðhöndlaðir með brúnum lit og lakkaðir. |



# Kabe de Luxe

Þessi motta er enn frekari útfærsla á Kabe Original og hugsuð fyrir anddyri sem mikið mæðir á, m.a. vegna allskonar hæla undir skóm. Hönnunin byggist á upprunalegu gerðinni og notaðir eru bylgjaðir gúmmírenningar.

Í stað flötu állistanna eru gúmmírenningarnir hér festir við ferhyrntan állista þannig fæst rétt bil á milli laga og motturnar eru jafngóðar fyrir allar gerðir hæla. Rúlla má mottunni upp og snúa henni á hvorn veginn sem er. Kabe de Luxe hentar vel til notkunar innanhúss.





## *Efni og samsetning*

| | |
|---|---|
| *Rörstrendingar:* | Álblendi EN AW-6063-T6, 12 x. 12x 1 mm. |
| *Gúmmírenningar:* | Sérstök efnablanda sem þolir miklar hitabreytingar; EPDM 70° Shore; breidd: 22 mm; þykkt 3,7 mm. |
| *Endaprófílar:* | U 18 x 18 x 18 x 2 mm. |
| *Þykkt mottu:* | Stöðluð 22 mm. |
| *Stærðir:* | Búnar til eftir máli; hámarksstærð í einni mottu er 1740 x 2000 mm (A x B). Sé svæðið stærra er skeytt saman mottum í hæfilegri stærð. Sérsniðnar mottur fást eftir skilgreindum óskum kaupanda. |
| *Tengi:* | Mottan er fest saman með 2,3 mm ryðfríum stálvír. |
| *Þyngd:* | U.þ.b. 11 kg/m$^2$. |
| *Yfirborðsmeðferð:* | Ál í venjulegum lit húðað með svörtu eða gylltu. |



# Frágangur

Flöturinn undir Kabe Original mottum á alltaf að vera sléttur og traustur. Ef ætlunin er að fella mottuna ofan í gólfið mælum við með að notaður sé steypurammi sem mottan skorðast vel í. Það fer betur með gólfið og frágangurinn verður áferðarfallegri. Kabe rammar 20R og 22R henta vel í þessu skyni.

Ef mottan á að liggja ofan á gólfinu er best að nota fláaramma til að varna því að fólk hnjóti um mottuna og til að halda uppsöfnuðum óhreinindum í mottunni. Fláarammi af gerð 2 frá Kabe er tilvalinn.

***Munið að gefa ávallt upp mál í réttri röð þegar pöntun er gerð: A = frá vinstri til hægri x B = frá fremri brún að aftari brún (í göngustefnu).***






**HLÍFÐU BAKINU!**

**Þú þarft ekki að lyfta, bara rúlla henni upp.**

# Viðhald

Kabe Original mottan er hönnuð til að skafa sand og óhreinindi undan skósólum á árangursríkan hátt. Hönnunin tryggir að mikill skítur rúmast í mottunni án þess að hann sjáist.

Óþarfi er að lyfta allri mottunni upp til að hreinsa upp það sem safnast hefur í hana. Aðeins þarf að grípa um stálvírinn með lyftikróknum og lyfta mottunni upp um 15 cm. Síðan má rúlla henni upp og hreinsa sand og önnur óhreinindi með ryksugu eða sóp og fægiskúffu. Best er að rúlla löngum mottum upp frá báðum endum.

Kabe Original má snúa á hvorn veginn sem er og því gott að venda mottunni árlega til að tryggja hámarksendingu hennar.

# Styrkt Kabe Original fyrir stórverslanir

Ef til stendur að nota Kabe Original í stórverslun eða anddyri af svipuðum toga þarf sérstaklega styrkta gerð sem þolir innkaupavagna og þess háttar. Styrkta gerðin skyldi einnig notuð þar sem einhver halli er og sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að skapa viðspyrnu.

***Við ábyrgjumst að styrkta Kabe Original mottan þolir allt að 200 kg þunga innkaupavagna.***



Styrkingar fyrir innkaupavagna í Kabe Original mottum.





*Conventum sýningarhöllin í Örebro, Svíðþjóð, Combi Burta Mottan.*

# Kabe Combi burstamotta

Endingargóð skafmotta sem stenst alla skóhæla og má rúlla upp, gerð úr álprófílum og búin svörtum og gráum burstum. Í stað burstanna má fá textílinnlögn eða blanda þessu tvennu saman. Neðan á álprófílunum eru gúmmíræmur sem sjá um að mottan færist ekki úr stað og draga úr hávaða þegar stigið er á hana.

Hentar til notkunar innan- og utanhúss.







## *Efni og samsetning*

| | |
|---|---|
| *Álprófílar:* | Álblendi EN AW-6063-T6; breidd: 35 mm; þykkt: 17 mm. |
| *Burstar:* | Sambræddir broddar í lengjum, svartir eða gráir. Burstalengjurnar eru festar með gúmmítappa á endum hvers prófíls. Auðvelt er að skipta um burstalengjur. Textíll: Coral Brush eða Coral Classic. |
| *Þykkt mottu:* | U.þ.b. 24 mm. |
| *Stærðir:* | Búnar til eftir máli; hámarksstærð í einni mottu er 2000 x 1500 mm (A x B). Sé svæðið stærra er skeytt saman mottum í hæfilegri stærð. Sérsniðnar mottur fást eftir skilgreindum óskum kaupanda. |
| *Tengi:* | Mottan er fest saman með 2,3 mm ryðfríum stálvír. |
| *Þyngd:* | U.þ.b. 16 kg/m$^2$. |
| *Yfirborðsmeðferð:* | Ál í venjulegum lit húðað með svörtu eða gylltu. |






*IKEA í Bäckelbol, Svíþjóð, Kabex sérstök grind.*

## Kabex Special

Skafgrind sem þolir alla hæla, gerð úr stáli húðuðu í sinkbaði. Endingargóð grind, einkum ætluð til notkunar utanhúss. Góð viðbót við Kabe Original mottuna, sérstaklega á veturna í löndum sem búa við mikinn snjó og slabb. Við þær aðstæður er fólk meira vakandi fyrir götuóhreinindum og sparkar af sér snjó og slabbi á skafgrind áður en gengið er inn í hús.





### *Efni og samsetning*

| | |
|---|---|
| *Möskvastærð:* | 59 x 5 mm (göt án fyrirstöðu). |
| *Stærð fleka:* | Mest 800 mm í göngustefnu (þykkt 25 mm). |
| *Stærð grinda:* | Búnar til eftir máli; hámarksstærð í einu stykki er 1480 x 1000 mm (A x B). Sé svæðið stærra er skeytt saman einingum í hæfilegri stærð. Staðlaðar stærðir af 25 mm þykkum grindum eru til á lager og passa við staðlaða ramma Kabe 25R. Á stórum svæðum getur verið snjallt að blanda saman nokkrum stöðluðum stærðum svo ekki verði bið á afgreiðslu. |
| *Þykkt grindar:* | 25–50 mm (hleypur á 5 mm), venjulega 25 mm. |
| *Gataflötur:* | 50%. |
| *Burðarteinar:* | Flatur listi, 25 x 3 mm í göngustefnu, B-átt. |
| *Skaflistar:* | Tvær gerðir slíkra lista eru á Kabex Special grindur, önnur úr stáli með gatarönd og hin úr gúmmíi til að draga úr hættu vegna hálku. |
| *Sívalt stál:* | Ummál 4 mm. |
| *Þyngd:* | U.þ.b. 22 kg/m$^2$ (þykkt 25 mm) á grind með stálskaflistum. U.þ.b. 24 kg/m$^2$ (þykkt 25 mm) á grind með gúmmískaflistum. |
| *Yfirborðsmeðferð:* | Stál húðað í sinkbaði skv. SS-EN ISO 1461. |

## Kabex EM

Skafgrind úr þöndum málmi, sérstaklega fyrir lítil anddyri.

Óhreinindin skafast vel undan skónum og hverfa niður um götin og þannig dregur úr hættu á hálku. Þessa grind ætti að nota þar sem fólk þurrkar raunverulega af sér, t.d. fólk á forugum stígvélum, og við aðstæður þar sem hætta er á hálku.



### *Efni og samsetning*

| | |
|---|---|
| *Möskvastærð:* | 35 x 15 mm (göt án fyrirstöðu). |
| *Stærð grinda:* | Búnar til eftir máli; hámarksstærð í einu stykki er 1000 x 800 mm (A x B). Staðlaðar stærðir af 25 mm þykkum grindum eru til á lager og passa við staðlaða ramma Kabe 25R. |
| *Þykkt grindar:* | 25 mm. |
| *Gataflötur:* | 60%. |
| *Burðarteinar:* | Flatur listi, 25 x 3 mm í göngustefnu, B-átt. |
| *Umgjörðin:* | Flatur listi, 25 x 3 mm. |
| *Þyngd:* | U.þ.b. 16 kg/m$^2$ |
| *Yfirborðsmeðferð:* | Stál húðað í sinkbaði skv. SS-EN ISO 1461. |

# Steypurammi – tilbúinn til ísetningar



Kabe rammarnir eru framleiddir úr sérstöku álblendi sem þolir snertingu við steypu. Römmunum fylgja 100 m langar festingar sem festar eru á kragann. Hægt er að snúa þeim eftir þörfum um leið og gengið er frá rammanum. Til eru fjórar gerðir af steypurömmum miðað við þykkt mottu eða grindar sem nota á.













* Standard sizes in stock has the ending RS.

# Steypurammi – settur saman á staðnum

Kabe rammarnir eru framleiddir úr sérstöku álblendi sem þolir snertingu við steypu. Rammarnir fást í lausum einingum eftir máli, ásamt 90° vinklum, og þarf aðeins að setja þá saman á staðnum. Rammarnir eru auðveldir í meðförum vegna þess hve léttir þeir eru og þegar flytja þarf mikið af þeim eru þeir góður kostur.



# Kabe fláarammi – gerð 1

Þessi gerð af ramma frá Kabe er ætluð fyrir Kabe Original mottur sem lagðar eru ofan á gólfið. Einkum hugsaður fyrir anddyri þar sem útilokað er að fella mottu ofan í gólfið vegna aðstæðna eða af fjárhagsástæðum.

Fláarammanum er ætlað að koma í veg fyrir að fólk hnjóti um mottuna og einnig verja brúnir mottunnar. Þessa gerð er aðeins hægt að tengja við fram- og afturenda Kabe Original mottunnar.



# Kabe fláarammi – gerð 2



Þessi gerð af fláaramma frá Kabe er notuð með mottum og skafgrindum sem eru 20–22 mm þykkar og settar ofan á gólfið, á láréttan flöt. Einkum hugsaður fyrir anddyri þar sem útilokað er að fella mottu ofan í gólfið vegna aðstæðna eða af fjárhagsástæðum.

Setja má fláaramma af gerð 2 beint á gólfið, 1, 2, 3 eða fjórar hliðar eftir því sem aðstæður leyfa. Ramminn er með gúmmíræmum undir til að hindra að óhreinindi eða vatn berist meðfram mottunni og til að hún hnikist ekki til á gólfinu. Þennan ramma má nota með öllum mottum og skafgrindum sem eru 20–22 mm á þykkt.



# Kabe frárennslisgrind



Opin undirstöðugrind úr stáli húðuðu í sinkbaði, til notkunar með Kabe Original mottum. Grindinni er ætlað að sjá til þess að mottan haldist hrein, því óhreinindi síast í gegnum bæði mottuna og niður um frárennslisgrindina og lenda á botni gryfjunnar. Ekki þarf að hreinsa gryfjuna nema einu sinni til tvisvar á ári, allt eftir álagi. Kabe frárennslisgrindin er úr gataðri stálþynnu sem soðin er við rimlagrind.

Gatagrindin gefur traustan, láréttan flöt undir mottuna og góðan kraga meðfram gryfjunni um leið og hún tryggir að öll óhreinindi komist í gegnum götin.





# Dyramottur við allra hæfi!

Kabe Original motta • Västermalmsgallerian, Stokkhólmi



ÁLTAK

Áltak ehf    Fossaleyni 8    112 Reykjavík    www.altak.is    altak@altak.is